

Stofnanasamningur

milli Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) og Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu)
um forsendur röðunar starfa við stofnunina
Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar, dags. 1. október 2015.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar, sem gildir frá 1. október 2015.

2. Forsendur röðunar og framkvæmd

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings. og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

- Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, sbr. gr. 3 og 4.
- Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

Meta skal persónubundna þætti sem álag á launaflokka. Slíkt álag skal háð endurmati.

Meta má vægi slíks álags til hækkunar um allt að 20% samanlagt af viðkomandi launaflokki í 2,5% bilum, sbr. nánar launatöflu.

Tímabundnir þættir og umbun geta verið breytilegir frá einum tíma til annars. Forsendur álagspáttu skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns, sbr. grein 1.3 annars vegar og greinar 1.1.1, 1.2.1 og 1.2.2 hins vegar í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands, dags. 1. október 2015.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum

Heilbrigðisstofnunar Suðurlands er ráðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum.

3. Starfaflokkun og grunnröðun

Þegar rætt er um sjúkraliða í samningi þessum er átt við starfsmann sem hefur heimild til að kalla sig sjúkraliða og til að starfa sem sjúkraliði samkv. lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn.

Vegna breytinga á starfsemi á Heilbrigðisstofnun Suðurlands geta orðið til ný störf sjúkraliða sem þarf að raða sérstaklega.

Röðun starfa

	<u>Lfl.</u> <u>Þr</u>
Sjúkraliðanemi	04 - 1
Sjúkraliði A;	07- 1
Sjúkraliði B;	08 - 1
Sjúkraliði C;	09 - 0
Sjúkraliði D;	10 - 0
Sjúkraliði E;	11 - 0
Sjúkraliði F;	12 - 0
Sjúkraliði S (samkvæmt sérstakri starfslýsingu sjúkraliða með sérnám) ;	13 – 1/14-0

Starfsþróun sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Suðurlands

- Sjúkraliði A; sjúkraliði á fyrsta starfsári.
- Sjúkraliði B; eftir 1 ár í starfi
- Sjúkraliði C, eftir 3 ár í starfi (í a.m.k. 50% starfi)
 - Sjúkraliði B sem er í minna en 50% starfshlutfalli færast í starfaflokk C eftir 4 ár í starfi – skv. starfsferilsvottorði.
- Sjúkraliði D eftir 5 ár í starfi
- Sjúkraliði E, eftir 7 ár í starfi
- Sjúkraliði F.
- Sjúkraliðar í heimahjúkrun raðast að lágmarki í starfslýsingu C og fá 1 launaflokk til viðbótar við grunnröðun.
 - Frá og með 1. júní 2019 raðast sjúkraliðar í heimahjúkrun tveimur launaflokkum ofar en grunnröðun skv. stofnanasamningi þessum segir til um. (Breyting þessi mun ekki leiða til launalækkunar fyrir þá starfsmenn sem fyrir eru).
- Gildandi starfslýsingar fyrir framangreind störf eru meðfylgjandi samningi þessum.

Skilyrði fyrir því að færast á milli starfslýsinga er ekki eingöngu starfsaldur, þ.s. verkefni og ábyrgð í starfi stýrir einnig röðun.

OR AUS
S B F

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

4. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um röðun einstaklinga í launaflokka

- a. Sjúkraliði sem lokið hefur viðbótarmenntun sjúkraliða, einni önn á sérsviði, sem nýttist í viðkomandi starfi samkvæmt mati samstarfsnefndar SLFÍ og HSU hækkar um 1 þrep. Hafi sjúkraliði eina önn á fleiru en einu sérsviði hækkar hann um eitt þrep til viðbótar.
- b. Sjúkraliði sem lokið hefur eins ár sérnámi (t.d. í geð- og öldrunarhjúkrun), en hefur ekki verið ráðinn samkvæmt starfslýsingu S, hækkar um einn launaflokk til viðbótar grunnröðun sinni.
- c. Sjúkraliði sem lokið hefur símenntun sem nýttist í starfi og hefur fengið námskeiðsstundir metnar í samstarfsnefnd SLFÍ og HSU (sbr. reglur matsnefndar) hækkar sem hér segir:
 - i. 1 þrep fyrir 60 stundir
 - ii. 1 þrep fyrir 120 stundir
 - iii. 1 þrep fyrir 200 stundir
 - iv. 1 þrep fyrir 280 stundir
- d. Sjúkraliði sem náð hefur 60 aldri hækkar um einn launaflokk.
- e. Heimilt er að meta viðbótarábyrgð, tímabundið álag eða sérstök verkefni skv. ákvæði 1.3 í kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands við fjármálaráðherra f.h. ríkisjóðs.
- f. Almennum sjúkraliða með sérstök verkefni sem er einn á vakt án þess að hjúkrunarfræðingur sé á vakt, gefur lyf sem tekin hafa verið til og sinnir þessum störfum í þeim mæli að stofnunin reiði sig á þetta sérstaka framlag hans, skal bætt með einni klst. í yfirvinnu fyrir hverja slíka vakt.

5. Næturvinna

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi, þ.e. á tímabilinu 23:00 til 08:00, skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi (eða breytingatilkynningu) við viðkomandi starfsmann. Ef gert er ráð fyrir að 50-59% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur þremur álagsþrepum. Sé hins vegar gert ráð fyrir að 60% eða meira af fullu starfi sé unnið að næturlagi greiðast fjögur álagsþrep.

6. Réttur til endurmats á röðun/ Starfsmannasamtöl

Í samræmi við stefnu HSU í starfsmannamálum á sjúkraliði rétt á starfsmannasamtali árlega. Þar skal m.a. lagt mat á hvort starfslýsing viðkomandi starfsmanns sé rétt og þar með röðun starfs. Við slíkt mat skal taka tillit til breytinga á starfi hans og starfssviði frá því starfið var metið síðast.

Heimilt er sjúkraliða að leita álits framkvæmdastjóra sé hann ekki sáttur við niðurstöðu mats yfirmanns.

Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

7. Námsmat

Vinnuhópur á vegum samstarfsnefndar HSU og SLFÍ, sem skipaður er einum fulltrúa frá hvorum aðila hefur umsjón með og gerir tillögur um mat á námskeiðum og öðru námi sem nýtist í sjúkraliðum í starfi sbr. grein 4 í stofnanasamningi.

8. Gildistaka

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. júní 2018. Með gerð stofnanasamnings þessa hafa aðilar orðið ásáttir um að uppfærsla stofnanasamningsins á grundvelli bókunar 4/potts sem SLFÍ samdi um við gerð síðasta kjarasamnings við ríkið sé lokið í samræmi við það fjármagn sem kom í hlut HSU.

Selfossi 26. nóvember 2018.

f.h. Heilbrigðisstofnunin Suðurlands

Aili B. H. Björnsdóttir
Anna María Svanaðóttir

f.h. Sjúkraliðafélags Íslands

Sandra B. Franks
Gunnar Örn Gunnarsson

Bókanir með stofnanasamningi

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að röðun sjúkraliða í heimahjúkrun verði með eftirfarandi hætti:

- Fram til 1. júní 2018 raðast sjúkraliði sem sjúkraliði E. *Komið inn*
- Frá og með 1. júní 2018 raðast sjúkraliði í heimahjúkrun að lágmarki sem sjúkraliði C og fylgir síðan launaþróun samningsins. Frá sama tíma fá sjúkraliðar 1 launaflokk til viðbótar grunnröðun. *Komið inn*
- Frá og með 1. júní 2019 fá sjúkraliðar í heimahjúkrun 1 launflokk til viðbótar. Samtals 2 launaflokkar til viðbótar grunnröðun.
- Breyting þessi mun ekki leiða til launalækkunar þeirra sem fyrir eru.

Bókun 2

Launasetning sjúkraliðanema, með mikla reynslu úr umönnunarstörfum

Aðilar eru sammála um að reynslumiklir sjúkraliðanemar í Sjúkraliðafélagi Íslands með reynslu frá umönnunarstörfum raðist ekki lægra í launum sem sjúkraliðanemi, en laun hans eru sem ófaglærðs.

Bókun 3

Launasetning reyndra ófaglærða eða félaggliða, sem hafa bætt við sig menntun og orðið sjúkraliðar

1. Starfsmenn þessir skulu ekki lækka í launum við að færast á milli stéttarfélaga í tilefni af sjúkraliðamenntun/prófi þegar hafin eru störf sem sjúkraliði með leyfisbréf.
2. Þeir sem fara í hærri röðun, en röðunarkerfi stofnanasamnings kveður á um vegna liðar 1 hér að framan, hækka síðan samkvæmt skilyrðum röðunarkafla stofnanasamningsins eða eins og fram kemur í stofnanasamningnum, þegar viðkomandi eru falin verkefni í hærri starfslýsingu.

OB
MS
SDF

Starfslýsingar sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Starfsheiti:	Starfslýsing A
Næsti yfirmaður:	Hjúkrunardeildarstjóri.
Menntun og fagleg þekking:	Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.
Ábyrgð:	<p>Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við stefnu hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar.</p> <p>Sjúkraliði er heilbrigðisstarfsmaður sbr. lög nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og ber ábyrgð á störfum sínum við hjúkrun og umönnun í samræmi við menntun, þjálfun og færni sem hann hefur tileinkað sér.</p>
Starfssvið:	<p>Skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samráði við hjúkrunarfræðing eða sér reyndari sjúkraliða og í samræmi við þar til gerða hjúkrunaráætlun.</p> <p>Tekur þátt í hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs.</p> <p>Hefur eftirlit með fylgikvillum rúmlegu. Aðstoðar við endurhæfingu sjúklinga.</p> <p>Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.</p>

AMS
SÍÐF

Starfslýsingar sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Starfsheiti:	Starfslýsing B
Næsti yfirmaður:	Hjúkrunardeildarstjóri.
Menntun og fagleg þekking:	Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.
Ábyrgð:	<p>Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við stefnu hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar.</p> <p>Sjúkraliði er heilbrigðisstarfsmaður sbr. lög nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og ber ábyrgð á störfum sínum við hjúkrun og umönnun í samræmi við menntun, þjálfun og færni sem hann hefur tileinkað sér.</p>
Starfssvið:	<p>Skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samráði við hjúkrunarfræðing og í samræmi við þar til gerða hjúkrunaráætlun.</p> <p>Veitir hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs.</p> <p>Hefur eftirlit með og fyrirbyggir fylgikvilla rúmlegu, aðstoðar við endurhæfingu sjúklinga.</p> <p>Viðheldur faglegri þekkingu sinni.</p> <p>Leiðbeinir sjúkraliðanemum og hvetur þá til að nýta námstækifæri á deildinni.</p> <p>Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.</p>

AMS
JBF

Starfslýsingar sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Starfsheiti:	Starfslýsing C
Næsti yfirmaður:	Hjúkrunardeildarstjóri.
Menntun og fagleg þekking:	Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.
Ábyrgð:	<p>Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við stefnu hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar.</p> <p>Sjúkraliði er heilbrigðisstarfsmaður sbr. lög nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og ber ábyrgð á störfum sínum við hjúkrun og umönnun í samræmi við menntun, þjálfun og færni sem hann hefur tileinkað sér.</p> <p>Sjúkraliði sýnir faglegan metnað og færni. Hann stuðlar að jákvæðum starfsanda á deildinni.</p>
Starfssvið:	<p>Hefur frumkvæði að því að skipuleggja og forgangs-raða störfum sínum í samráði við hjúkrunarfræðing og í samræmi við þar til gerða hjúkrunaráætlun.</p> <p>Veitir hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs.</p> <p>Hefur eftirlit með og fyrirbyggir fylgikvilla rúmlegu, aðstoðar sjúklinga við endurhæfingu.</p> <p>Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í hjúkrun.</p> <p>Leiðbeinir og styður við sjúkraliða sem eru byrjendur í starfi. Leiðbeinir aðstoðarfólki við aðhlyningu.</p> <p>Aðstoðar við aðlögun nýrra starfsmanna.</p> <p>Leiðbeinir sjúkraliðanemum og hvetur þá til að nýta námstækifæri á deildinni.</p> <p>Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.</p>

AMS
DF

Starfslýsingar sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Starfsheiti:	Starfslýsing D
Næsti yfirmaður:	Hjúkrunardeildarstjóri.
Menntun og fagleg þekking:	Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.
Ábyrgð:	<p>Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við stefnu hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar.</p> <p>Sjúkraliði er heilbrigðisstarfsmaður sbr. lög nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og ber ábyrgð á störfum sínum við hjúkrun og umönnun í samræmi við menntun, þjálfun og færni sem hann hefur tileinkað sér.</p> <p>Sjúkraliði sýnir faglegan metnað og færni. Hann stuðlar að jákvæðum starfsanda á deildinni.</p>
Starfssvið:	<p>Sjúkraliði hefur tileinkað sér þekkingu á ákveðnu sérsviði hjúkrunar.</p> <p>Hefur frumkvæði að því að skipuleggja og forgangsraða störfum sínum í samráði við hjúkrunarfræðing og í samræmi við þar til gerða hjúkrunaráætlun.</p> <p>Veitir hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs.</p> <p>Hefur eftirlit með og fyrirbyggir fylgikvilla rúmlegu, aðstoðar sjúklinga við endurhæfingu.</p> <p>Sér um aðlögun sjúkraliða sem eru byrjendur í starfi.</p> <p>Leiðbeinir aðstoðarfólki við aðhlyningu. Aðstoðar við aðlögun nýrra starfsmanna.</p> <p>Undirbýr komu sjúkraliðanema á deildina leiðbeinir þeim og hvetur þá til að nýta námstækifæri á deildinni.</p> <p>Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í hjúkrun.</p> <p>Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.</p>

AMUS

STF

Starfslýsingar sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Starfsheiti:	Starfslýsing E
Næsti yfirmaður:	Hjúkrunardeildarstjóri.
Menntun og fagleg þekking:	Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.
Ábyrgð:	<p>Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við stefnu hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar.</p> <p>Sjúkraliði er heilbrigðisstarfsmaður sbr. lög nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og ber ábyrgð á störfum sínum við hjúkrun og umönnun í samræmi við menntun, þjálfun og færni sem hann hefur tileinkað sér.</p> <p>Sjúkraliði sýnir faglegan metnað og færni. Hann stuðlar að jákvæðum starfsanda á deildinni.</p>
Starfssvið:	<p>Sjúkraliði hefur tileinkað sér þekkingu á ákveðnu sérsviði hjúkrunar.</p> <p>Hefur frumkvæði að því að skipuleggja og forgangsraða störfum sínum í samráði við hjúkrunarfræðing og í samræmi við þar til gerða hjúkrunaráætlun. Skipuleggur og forgangsraðar verkefnum í samráði við deildarstjóra.</p> <p>Veitir hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs.</p> <p>Hefur eftirlit með og fyrirbyggir fylgikvilla rúmlegu aðstoðar sjúklinga við endurhæfingu.</p> <p>Er umsjónaraðili með umönnun tiltekinna sjúklinga.</p> <p>Undirbýr komu sjúkraliðanema á deildina leiðbeinir þeim og hvetur þá til að nýta námstækifæri á deildinni. Sér um aðlögun sjúkraliða sem eru byrjendur í starfi. Leiðbeinir aðstoðarfólki við aðhlyningu. Aðstoðar við aðlögun nýrra starfsmanna.</p> <p>Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í hjúkrun.</p> <p>Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.</p>

AMS

JDF

Starfslýsingar sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Starfsheiti:	Starfslýsing F
Næsti yfirmaður:	Hjúkrunardeildarstjóri
Menntun og fagleg þekking:	Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.
Ábyrgð:	<p>Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við stefnu hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar.</p> <p>Sjúkraliði er heilbrigðisstarfsmaður sbr. lög nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og ber ábyrgð á störfum sínum við hjúkrun og umönnun í samræmi við menntun, þjálfun og færni sem hann hefur tileinkað sér.</p> <p>Sjúkraliði sýnir faglegan metnað og færni. Hann stuðlar að jákvæðum starfsanda á deildinni.</p>
Starfssvið:	<p>Sjúkraliði hefur tileinkað sér þekkingu á ákveðnu sérsviði hjúkrunar.</p> <p>Skípuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samráði við deildarstjóra. Tekur að sér sérverkefni í samráði við deildarstjóra.</p> <p>Veitir hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs.</p> <p>Hefur eftirlit með og fyrirbyggir fylgikvilla rúmlegu aðstoðar sjúklinga við endurhæfingu.</p> <p>Er umsjónaraðili með hjúkrun tiltekinna sjúklinga stýrir verkefnum annarra sjúkraliða og starfsmanna.</p> <p>Undirbýr komu sjúkraliðanema á deildina leiðbeinir þeim og hvetur þá til að nýta námstækifæri á deildinni. Sér um aðlögun sjúkraliða sem eru byrjendur í starfi. Leiðbeinir aðstoðarfólki við aðhlyningu. Aðstoðar við aðlögun nýrra starfsmanna.</p> <p>Er falið af stjórnendum að taka þátt í nefndarstörfum er varða skjólstæðinga og hagsmuni stofnunar.</p> <p>Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í hjúkrun.</p> <p>Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.</p>

AMS
SDF

Starfslýsingar sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Starfsheiti: Starfslýsing S

Næsti yfirmaður: Hjúkrunardeildarstjóri/hjúkrunarstjóri

Menntun og fagleg þekking: Hefur lokið sjúkraliðanámi og sérnámi fyrir sjúkraliða frá viðurkenndri menntastofnun.

Ábyrgð: Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við stefnu hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar.

Sjúkraliði er heilbrigðisstarfsmaður sbr. lög nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og ber ábyrgð á störfum sínum við hjúkrun og umönnun í samræmi við menntun, þjálfun og færni sem hann hefur tileinkað sér.

Sjúkraliði sýnir faglegan metnað og færni. Hann stuðlar að jákvæðum starfsanda á deildinni.

Starfssvið: Sjúkraliði hefur tileinkað sér þekkingu á ákveðnu sérsviði hjúkrunar.

Skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samráði við deildastjóra. Stýrir verkum annarra sjúkraliða og starfsmanna.

Starfar sem umsjónaraðili með ákveðnum verkefnum s.s. umsjón með hjúkrun ákveðinna sjúklinga, verkstjórn tiltekinna eininga og verkefni í samráði við yfirmann.

Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í hjúkrun.

Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.

Að öðru leiti gilda ákvæði starfslýsingar F

AMMS
SDF